

Athugasemdir vegna tillögu um afnám aukaverkagreiðslna til presta. 26. mál Kirkjuþings 2021-2022

- 1) Að innheimta aukaverk fyrir tiltekin prestsverk byggir á afar gamalli hefð. Þetta varðar miklu um kjör og hagsmuni prestastéttarinnar. Að ákveða að leggja af slíkar greiðslur getur enginn ákveðið nema prestar sjálfir. Heimild presta til aukaverkagreiðslna er nú í kjarasamningi presta til að undirstrika þau réttindi.
- 2) Ekki er að sjá í lögum um Þjóðkirkjuna að Kirkjuþing hafi yfir höfuð lagastoð til að ákvarða um aukaverkagreiðslur presta. Ef Kirkjuþing ákveður upp á sitt einsdæmi að banna prestum Þjóðkirkjunnar að innheimta fyrir aukaverk þá þarf Þjóðkirkjan að bæta prestum tekjutap vegna slíks.
- 3) Nú liggur fyrir að Prestafélag Íslands hefur boðað til almenns félagsfundar til að ræða aukaverk presta. Þar kann niðurstaðan að verða að prestar ákveði að hætta að innheimta fyrir aukaverk eða sem líklegra má teljast, að stjórn félagsins verði falið að setja fram viðmiðunargjaldskrá félagsins vegna aukaverka.
- 4) Að hætta að innheimta fyrir aukaverk mun hafa mikil og varanlega áhrif á þjónustu kirkjunnar. Mikið af vinnuframlagi presta tengt aukaverkum fer fram utan hefðbundins dagvinnutíma. Aukaverkagreiðslurnar duga ekki til að greiða þá yfirvinnu alla en eitthvað þó. Það hverfa mörg stöðugildi úr prestsþjónustu þjóðkirkjunnar ef innheimtu aukaverka yrði hætt. Þau stöðugildi eru greidd af því fólki sem nýtir sér þjónustu presta. Gjaldskrá presta er mjög hófleg, sumir myndu segja of lág þar sem venjulegt tímakaup rímar ekki við verkefni gjaldskrár. Þá er líka vitað að prestar ganga mjög mildilega fram í innheimtu fyrir aukaverk svo ekki sé meira sagt. Þar er að leiðarljósi umhyggja og kærleikur í garð þeirra sem þjónustu prestanna njóta.
- 5) Ekki er greitt vegna fermingarathafnar heldur er gjald tekið vegna fermingarfræðslu. Fermingarfræðsla hefur frá fornu fari verið "skóli" á vegum presta. Að fermingarfræðslu koma margir starfsmenn í dag og er um að ræða viðamikla starfsemi sem er kostuð með fermingarfræðslugjaldi. Ef þeirri gjaldtöku yrði hætt myndi það fræðslustarf skerðast verulega. Varhugavert er að hrófla við því góða skipulagi sem fermingarstörf Þjóðkirkjunnar búa við.
- 6) Ef greiðslur vegna aukaverka nyti ekki við er næsta ljóst að margir prestar myndu ekki vilja vinna utan þess vinnuramma sem greitt er fyrir. Nú er stefnt að 36 stunda vinnuviku. Þjóðkirkjan þyrfti að svara því hvernig skírnarathöfnum í heimahúsum yrði háttað því óvíst er að prestar önnuðust þær nema í vinnutíma það er í helgihaldi sunnudagsins. Eins yrði með útfarir á laugardögum og þá hjónavígslur líka. Með öðrum orðum þá er ekki hægt að fella niður aukaverkagreiðslur til presta öðru vísi en að koma á víðtæku vaktakerfi og vinnutímastjórnun í Þjóðkirkjunni þar sem mönnun til athafna og prestsverka er tryggð.

- 7) Þá má að lokum nefna þau rök. Að í okkar samfélagi er greitt fyrir flest, bæði vörukaup og þjónustu. Það virðist oft þannig að sú þjónusta sem ekki er metin til fjár sé einskisvirði. Ekki er ástæða til að tala niður þjónustu kirkjunnar eða gjaldfella hana. Þá er margt fólk þeirrar gerðar að vilja greiða fyrir sig og skulda engum neitt. Að greiða presti hóflega þóknun fyrir þjónustu er því mörgum kærkomin viðurkenning, - þakklætisvottur til prests fyrir vel veitta þjónustu.

Arnaldur A. Bárðarson, kjaramálafulltrúi P.Í.